

## Flokksstarf

Aðalfundur  
Framsóknarfélags Reykjavíkur

Aðalfundur Framsóknarfélags Reykjavíkur verður haldinn mánudaginn 14. september að Nóatúni 21, kl. 20.30

Stjórnin

Látum fara vel um barnið,  
og aukum öryggi þess  
um leið!

UMFERÐAR  
RÁÐ



Slys gera ekki boð á undan sér!

UMFERÐAR  
RÁÐ

## Laxveiði – Laxveiði

Laxveiði við nýtt veiðisvæði.

## „Norðlingafljót Borgarfirði“

Nógur lax, falleg veiðiá og fagurt umhverfi.  
Órfa óseld veiðileyfi verða seld næstu daga hjá  
eftirtöldum aðilum.

1. Sveinn Jónsson, s. 84230-673737
  2. Þorgeir Jónsson, s. 685582
  3. Fljótstunga Hvítársíðu, s. 93-51198
- Verð veiðileyfa kr. 5000 pr. stöng pr. dagur



Útboð

Læknisbústaður  
á Hvolsvelli

Tilboð óskast í að reisa læknisbústað á Hvolsvelli. Húsið er einnar hæðar og um 225 m<sup>2</sup>. Skila skal byggingunni frágenginni utanhúss en ófrágenginni að innan. Húsið sé fohelt 1. mars 1988 og verður lokið 1. júlí 1988. Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu vorri, Borgartúni 7, Reykjavík, gegn 5.000 kr. skilaftryggingu. Tilboð verða opnuð á sama stað fimmtudaginn 24. sept. 1987 kl. 11.00.

INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS

BORGARTÚNI 7 SÍMI 26844 PÓSTHÓLF 1441 TELEX 2006



Þökkum innilega auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför bróður okkar

Helga Ketilssonar  
frá Álfstöðum, Skeiðum.

Heimahaga 9

Selfossi

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Elli- og hjúkrunarheimilinu Ljósheimum, Selfossi fyrir frábæra umönnun honum veitta í veikindum hans.

Systkini hins látna



Maðurinn minn

Einar Eggertsson

kafari,

Álftamýri 48, Reykjavík

er látinn

Sveinbjörg Árnadóttir

## DAGBÓK


## Afmæll



Sigurveig Vigfúsdóttir, Freyjugötu 38, Reykjavík frá Dvergasteini í Reyðarfirði verður 80 ára í dag, föstud. 11. september. Eiginmaður hennar var Pétur Jóhannesson, frá Kvinnabrekku í Dólum.

Sigurveig starfaði um árabíl í þvottahúsi Landspítalans. Hún mun taka á móti gestum á veitingahúsi dóttur sinnar og tengdasonar, Gullna Hananum, Laugavegi 178 sunnudaginn 13. september milli kl. 14.00 og 18.00 (frá kl. 2-6).

## Sýningar

Sýning Eydísar  
að Kjarvalsstöðum

S.1. laugardag 5. sept. opnaði Eydís Lúðvíksdóttir myndlistarsýningu í vestruforsal Kjarvalsstaða. Sýningin er opin daglega kl. 14:00- 22:00 og stendur til 20. september.

Á sýningunni eru 37 verk sem Eydís hefur unnið á verkstæði sínu í Mosfellsveit, stórar skálar og veggmyndir. Verkin eru unnið í postulínsleir með 2 litum í kóbalt og koparoxíðum. Öll verkin á sýningunni eru til sölu.

Eydís Lúðvíksdóttir er fædd í Reykjavík 1950. Hún var í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og lauk kennaraprófi þaðan 1971. Hún stundaði síðan myndlistarkennslu og hefur starfað við hönnun og vörubrúun. Frá árinu 1979 hefur Eydís starfað sem listráðunautur hjá Gliti h.f. í Reykjavík. 1985 var Eydís valin úr hópi listamanna til að hafa umsjón með Listasmíðju Glits. Þar vann hún myndverk í postulínsleir, brenndan í háhitaofnum. Vakti sú sýning athygli og seldust flest verkin.

## Tónlist

Tónlistarfélagið í Reykjavík:  
Fyrirhugaðir tónleikar  
á starfsárinu

Nýtt starfsár er að hefjast hjá Tónlistarfélaginu. Tónleikahald félagsins, sem hófst árið 1932, mun að sjálfsögðu halda áfram og vonandi á sama stað og áður, ef Bíoborgin (áður Austurbæjarbíó) reynist jafngöður tónleikasalur eftir breytingarnar sem gerðar voru síðastliðið vor.

Fyrstu tónleikar vetrarins verða í Bíoborginni laugardaginn 12. september n.k. kl. 14.30, þar sem kanadíski flautusníllingurinn Robert Aitken fær í lið með sér þrjá íslenska hljóðfæraleikara. Gerði Gunnarsdóttir, fíðluleikara, Helgu Þórarinsdóttur, lágfíðluleikara og Noru Kornblæh, sellóleikara. Á efmisskránni eru m.a. verk eftir J.S. Bach, W.A. Mozart og Max Reger.

Aðrir tónleikar vetrarins verða: 10. október, Kristján Jóhannsson, tenor og Lára Rafnsdóttir, píanóleikari. 21. nóvember, Yuval Yaron, fíðluleikari. 9. janúar, Gísli Magnússon, píanóleikari. 13. febrúar, Paata Burchuladze, bassi ásamt píanóleikara. 16. apríl, Misha Maisky, sellóleikari og Pavel Gillilov, píanóleikari. 23. apríl, Ursula Ingólfsson, píanóleikari og dætur hennar, Judith og Miriam sem leika á fíðlu og selló. 14. maí, Marianne Eklóf, mezzo sópran og Stefan Boysten, píanóleikari.

Nýir áskrifendur geta tilkynnt sig í síma 17765 (símsvari) og aukamiðar verða til sölu við innganginn.

## Tónleikar í Gerðubergi

Lokatónleikar frá óperu- og ljóðanámsskeiði Svanhvítar Egilsdóttur og Wassilis Kotulas, sem staðið hefur yfir s.l. tveir vikur í Tónlistarskólanum, verða í Tónverkamiðstöðinni að Gerðubergi á morgun, laugardaginn 12. september kl. 17:00.

## Útivistarferðir

## Hana nú í Kópavogi

Vikuleg laugardagsganga Frístunda- hópsins Hana nú í Kópavogi verður laugardaginn 12. september. Lagt af stað frá Digranesvegi 12 kl. 10:00. Haustiðir í gördum og skemmtilegur félagsskapur. Nýlagð molakaffi á boðstólum. Allir velkomnir.

## Sýningar

Gallerí Borg:  
Seinni sýningarhelgi  
Gests og Rúnu

Í Gallerí Borg, Pósthússtræti 9, stendur nú yfir sýning á verkum Gests og Rúnu. Á sýningunni sýnir Gestur höggmyndir unnar á síðustu þremur árum. Rúna sýnir veggmyndir úr brenndum leir og blekt-eikningar á japanskan pappír.

Sýningin er opin virka daga kl. 10:00-18:00 og um helgina kl. 14:00-18:00. Þetta er síðasta sýningarhelgin. Sýningunni lýkur þriðjudaginn 15. september.

## Sundstaðir

Sundlaugarnar í Laugardal og Sundlaug Vesturbæjar eru opnar mánudaga – föstudaga kl. 7.00-20.30. Laugardaga kl. 7.30-17.30 og sunnudaga kl. 8.00-17.30.

Sundlaugar Fb. Breiðholti: Opin mánudaga – föstudaga kl. 7.20-20.30 og laugardaga kl. 7.30-17.30. Sunnudaga kl. 8.00-17.30. Lokunartími er miðaður við þegar sölu er hætt. Þá hafa gestir 30 min. til umræða.

Varmárlaug í Mosfellsveit: Opin mánudaga – föstudaga kl. 7.00-8.00 og kl. 17.00-19.30. Laugardaga kl. 10.00-17.30. Sunnudaga kl. 10.00-15.30.

Sundhöll Keflavíkur er opin mánudaga – fimmtudaga: 7.00-9.00, 12.00-21.00. Föstudaga kl. 7.00-9.00 og 12.00-19.00. Laugardaga 8.00-10.00 og 13.00-18.00. Sunnudaga 9.00-12.00. Kvennatímar þriðjudaga og fimmtudaga 19.30-21.00.

Sundlaug Kópavogs: Opin mánudaga – föstudaga kl. 7.00-9.00 og kl. 14.30-19.30. Laugardaga kl. 8.00-17.00. Sunnudaga kl. 8.00-12.00. Kvennatímar eru þriðjudaga og miðvikudaga kl. 20.00-21.00. Síminn er 41299.

Sundlaug Hafnarfjarðar er opin mánudaga – föstudaga kl. 7.00-21.00. Laugardaga frá kl. 8.00-16.00 og sunnudaga frá kl. 9.00-11.30.

Sundlaug Akureyrar er opin mánudaga – föstudaga kl. 7.00-8.00, 12.00-13.00 og 17.00-21.00. Á laugardögum kl. 8.00- 16.00. Sunnudögum 8.00-11.00. Sími 23260.

Sundlaug Seltjarnarness: Opin mánudaga – föstudaga kl. 7.10-20.30. Laugardaga kl. 7.10-17.30. Sunnudaga kl. 8-17.30.



VÉLAR &  
ÞJÓNUSTA HF

Járhálsi 2 Sími 83266 110 Rvk.  
Pósthólf 10180



BÍLALEIGA

Útibú í kringum landið

REYKJAVÍK: ..... 91-31815/686915  
AKUREYRI: ..... 96-21715/23515  
BORGARNES: ..... 93-7618  
BLÖNDUÓS: ..... 95-4350/4568  
SAUDARKRÖKUR: ..... 95-5913/5969  
SIGLUFJÖRDUR: ..... 96-71489  
HUSAVIK: ..... 96-41940/41594  
EGILSSTAÐIR: ..... 97-1550  
VOPNAFJÖRDUR: ..... 97-3145/3121  
FÁSKRUDSFJÖRDUR: ..... 97-5366/5166  
HÖFN HORNAFIRÐI: ..... 97-8303

interRent

Hvenær  
byrjaðir þú.

UMFERÐAR  
RÁÐ